



Bláskógabyggð
Aratungu
801 Selfoss

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ø (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 15. apríl 2005
Tilvísun: UST20040700047/sf

Aðalskipulag Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016

Bláskógabyggð hefur auglýst tillögu að aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016. Þrátt fyrir að auglýstur frestur til að gera athugasemdir við skipulagstillöguna sé liðinn vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Frístundabyggð

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir aukinni frístundabyggð við Stíflisdalsvatn. Umhverfisstofnun bendir á að ein helsta laxveiðiá landsins, Laxá, rennur úr Stíflisdalsvatni. Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum, þ.m.t. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn, er á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 134, *Laxárvogur og Laxá í Kjós*. Mikilvægt er að koma í veg fyrir mengun á vatnasviði árinnar og að mannvirkjagerð hafi ekki áhrif á lífríki í vatninu og ánni. Umhverfisstofnun telur því æskilegt að allri mannvirkjagerð á vatnasviði árinnar verði haldið í lágmarki. Við vatnið er votlendi en mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri skulu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í stefnumörkun íslenskra stjórnavalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“ Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig leitast við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Það er álit Umhverfisstofnunar að upptakasvæði Laxár sé ekki hentugt fyrir mikla frístundabyggð og leggst stofnunin því gegn frekari uppbyggingu frístundabyggðar við Stíflisdalsvatn.

Í greinargerð aðalskipulagsins eru tilgreindir fjórir megin valkostir um stefnu í sumarhúsamálum innan vatnasviðs Þingvallavatns. Stefnumörkun aðalskipulagsins miðast við að tveir þessara valkosta séu lagðir til grundvallar stefnu í uppbyggingu frístundahúsa,

þ.e. að a) frekari uppbygging sumarhúsa verði fyrst og fremst bundin við þéttingu innan núverandi byggðar og lítis háttar viðbætur við núverandi svæði og b) að mögulegt verði að bygga upp að vissu marki á nýjum svæðum, ef uppbygging á viðkomandi svæði getur samræmst markmiðum um verndun ásýndar og lífríkis. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur jafnframt fram að sú aðferðafræði, sem beitt var við athugun á fyrirliggjandi óskum um svæði við gerð aðalskipulagsins, verði áfram notuð við mat á nýjum óskum eftir staðfestingu aðalskipulagsins. Eins og bent er á í athugasemdum Umhverfisstofnunar við drög að tillögu að aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 (sjá meðfylgjandi bréf dags. 29. september 2004) er að mati Umhverfisstofnunar varhugavert að ráðast í mikla uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu. Að mati stofnunarinnar eru líkur á að aukin ákoma köfnunarefna, þ.m.t. vegna frístundabyggðar, geti skaðað lífríki vatnsins og minnkað tærleika þess en náttúra Þingvalla hefur mikið verndargildi. Lífríki Þingvallavatns er einstakt sem og jarðfræði svæðisins, ekki aðeins á landsvísu heldur einnig á heimsvísu. Þingvellir og umhverfi þeirra eru nú á lista Sameinuðu þjóðanna um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (World Heritage listanum).

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði heildar stefnumörkun um landnýtingu við Þingvallavatn og að athuga beri hversu mikil frístundahúsabyggð geti risið við vatnið án þess að lífríki vatnsins sé stefnt í voða. Stofnunin telur að gera eigi ítarlegri rannsóknir á ákomu og næringarefnajafnvægi vatnsins og að þar til slíkt mat liggur fyrir eigi ekki að gera ráð fyrir fjölgun frístundahúsasvæða frá því sem gert var ráð fyrir í svæðisskipulagi Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshreppa 1995-2015.

Í umfjöllun um sértaekari stefnuatriði í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að miða skal við að fjarlægð húss frá vatnsbakka sé 100 m, eftir því sem kostur er, annars 50 m hið minnsta. Á bls. 40 í greinargerðinni segir: „*Lágmarksfjarlægð sumarhúsa frá vatninu verði metin eftir staðháttum hverju sinni og verði 100 m, eftir því sem kostur er á, en 50 m hið minnsta..... til að auka aðgengi almennings að vatninu og tryggja mögulega göngu- og hjóleiðaleið umhverfis vatnið.*“

Ekki er nánar skilgreint hvaða aðstæður geta kallað á frávik frá meginreglunni. Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að stefnt sé að því að auka aðgengi almennings að Þingvallavatni og tryggja mögulega göngu- og hjóleiðaleið umhverfis vatnið. Stofnunin telur hins vegar að 100 m fjarlægð byggðar frá vatnsbakka sé algjört lágmark við Þingvallavatn. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að búast má við auknum fjölda ferðamanna til Þingvalla í kjölfar þess að svæðið er nú á á lista Sameinuðu þjóðanna um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins.

Efnistaka

Í kafla 3.4 um efnistökusvæði er tilvitnun í 2. og 3. mgr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að gerðar hafa verið lagabreytingar er varða 47. gr. laga um náttúruvernd frá því að lögin töku gildi þann 1. júlí 1999 og þarf að lagfæra texta í tilvitnun m.t.t. þess. Réttur texti er svohljóðandi:

„*Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.*

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis

minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. ” [leturbreyting UST]

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að afmarka efnisnámur með hringtákni á aðalskipulagsuppdrætti heldur afmarka á sem nákvæmastan hátt fyrir útlínum efnistökusvæða á uppdrættinum, sbr. athugasemdir stofnunarinnar við drög að aðalskipulagi Þingvallasveitar dags. 29. september 2004 (sjá meðfylgjandi bréf).

Í greinargerð eru skilgreindir 4 flokkar fyrir umfang efnisnáms. Efnistöku sem ekki fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er skipt í 2 flokka, þ.e.

framkvæmdaleyfisskylda efnistöku þar sem stærð efnistökusvæðis er 10.000-25.000 m² (flokkur U3) og framkvæmdaleyfisskylda efnistöku þar sem stærð efnistökusvæðis er undir 10.000 m² (flokkur U4). Umhverfisstofnun bendir á að hvorki kemur fram í greinargerð ástæða þess að efnistöku sem er undir viðmiðunarmörkum fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir hvað varðar flatarmál efnistökusvæðis er skipt í two flokka né hvers vegna miðað er við 10.000 m² við þá skiptingu.

Umhverfisstofnun bendir á að eitthvert misræmi virðist vera á milli töflu og aðalskipulagsuppdráttar/pemakorts nr. 2 hvað varðar númer náma.

Athugasemdir við einstakar námur

Umhverfisstofnun telur að frekari efnistaka úr Miðfelli sé óæskileg vegna sjónrænna áhrifa og nálægðar efnistökustaðarins við Þingvallavatn. Jafnframt bendir stofnunin á að samkvæmt matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum 400 kV Sultartangalínu 3 verður sú náma sem merkt er sem náma E8 á aðalskipulagsuppdrætti ekki notuð. Stofnunin telur því ekki rétt að sýna námuna á uppdrættinum.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að svæði nr. 134, *Laxárvogur og Laxá í Kjós*, er ekki afmarkað sem náttúruverndarsvæði á aðalskipulagsuppdrættinum. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að við afmörkun á svæði nr. 743, *Pingvellir og Þingvallavatn*, er að mestu leyti miðað við 100 m breitt belti meðfram Þingvallavatni.

Umhverfisstofnun telur rétt að leiðréttta nokkur atriði í texta í kafla 3.12

Náttúruverndarsvæði í greinargerð með skipulagstillöggunni.

1. Fyrirsögnin „Hætta á röskun náttúruminja“ á bls. 61 í greinargerð er villandi þar sem svæði sem eru á náttúruminjaskrá og hafa ekki verið friðlýst teljast til náttúruminja, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga 44/1999 um náttúruvernd.
2. Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd teljast ekki til náttúruverndarsvæða skv. skilgreiningu í 3. gr. laga um náttúruvernd. Umfjöllun um þær jarðmyndanir og vistkerfi á því vart heima í kafla sem nefnist **Náttúruverndarsvæði**, a.m.k. verður að gæta þess að sú umfjöllun sé ekki inni á milli umfjöllunar um friðlýst svæði og önnur svæði á náttúruminjaskrá. Það sama gildir um tilvitnanir í 36. og 39. gr. laga laga um náttúruvernd. Í samræmi við lög um náttúruvernd væri réttast að fyrirsögnin væri „**Sérstök vernd**“ þegar fjallað er um jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd.
3. Ekki er ljóst hvað átt er við með því í lið 2 á bls. 64 í greinargerð, þar sem fjallað er um stefnu sveitarfélagsins varðandi verndarsvæði, að ekki sé litið á svæði á náttúruminjaskrá

sem verndarsvæði í heild sinni. Umhverfisstofnun bendir á að svæði á náttúruminjaskrá eru meðal annars svæði sem hafa verið friðlýst. Einnig bendir stofnunin á að þrátt fyrir að það sé ekki stefna sveitarfélags að vinna að friðlysingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá og hafa ekki verið friðlýst teljast þau svæði áfram til náttúruverndarsvæða skv. lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur því til að fyrrgreint orðalag verði endurskoðað.

Samgöngur

Gjábakkavegur

Samkvæmt aðalskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir að að nýr Gjábakkavegur, innan sveitarinnar, liggi samkvæmt leið 7, sbr. matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar (nr. 365) á milli Þingvalla og Laugarvatns. Það er mat Umhverfisstofnunar að endurbætur á núverandi Gjábakkavegi (leið 1 samkvæmt matsskýrslu) hafi minnst áhrif á gróðurfar, landslag og sjónræna þætti, ferðamennsku, jarðmyndanir, hljóðstig og vatnsvernd. Áhrif enduruppbyggingar vinarins á gróðurfar og jarðmyndanir er minni en áhrif af völdum annarra valkosta sem fjallað er um í matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar. Leið 7 muni hafa í för með sér veruleg áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, svæði sem lagt hefur verið til að gert verði að þjóðgarði í tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun, og áhrif á jaðarsvæði Þingvalla á lista Sameinuðu þjóðanna um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Umhverfisstofnun telur því að miða eigi við að Gjábakkavegur verði endurbættur í nýju vegstæði.

Tenging við Uxahryggjaveg

Samkvæmt stefnu aðalskipulagsins er gert ráð fyrir að gerður verði nýr vegur er tengi þjóðveg nr. 36 við þjóðveg nr. 51 (Uxahryggjaveg), á móts við Skógarhóla, til að léttu á umferð um Þingvallakvosina. Fram kemur að þar sem vegurinn liggi innan þjóðgarðs sé hann tilkynningarskyldur samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að ekki hafi verið mótaðir á þessu stigi valkostir um aðra mögulega legukosti eða samgöngubætur sem gætu létt á umferð um Þingvallakvosina. Ekki liggi heldur fyrir áætlun um efnistöku vegna hinnar hugsanlegu vegagerðar í Biskupsbrekkuhrauni.

Umhverfisstofnun telur ekki rétt að gera ráð fyrir breytingum á vegtengingum innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrr en mörkuð hefur verið heildarstefna um samgöngubætur á svæðinu. Stofnunin bendir á að í stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum er ekki gert ráð fyrir að tengingu þjóðvegar nr. 36 við Uxahryggjaveg verði breytt. Þar kemur m.a. fram í umfjöllun um framtíðarsýn til 2024 um aðgengi og umferð (kafla 8.2) að bílvegir og bílastæði séu fullnægjandi til að taka við gestum á öruggan og skilvirkan hátt. Jafnframt segir í kafla 7.3 (Deiliskipulag): „Eðlilegt er að deiliskipuleggja þjóðgarðinn allan og taka þannig nánar á þeim meginatriðum skipulags sem hér eru tiltekin.....Setja þarf niður byggingareiti og legu stíga og vega.” Umhverfisstofnun telur því eðlilegt að gert sé ráð fyrir óbreyttum vegtengingum innan þjóðgarðsins á aðalskipulagi Þingvallasveitar þar til deiliskipulag fyrir þjóðgarðinn liggur fyrir.

Verndun vatns

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að á aðalskipulagsupprætti hafi verið afmörkuð vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból í grennd við Vinaskóg og á Hakini. Þar segir einnig: „Bæði brunnsvæðin eru innan vatnasviðs Þingvallavatns sem er hverfisverndað í heild sinni vegna vatnsauðlinda og er litið á vatnsvernd sem nær til vatnsvæðisins sem grann- og fjarsvæði viðkomandi vatnsbóla.”

Umhverfisstofnun bendir á að ef ekki er skilgreint hvað telst grannsvæði og hvað fjarsvæði í

samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, ber að líta svo á að reglur fyrir grannsvæði gildi fyrir vatnsverndarsvæðið í heild sinni.

Umhverfisstofnun vill að öðru leyti ítreka fyrri athugasemdir er varða verndun vatns, sbr. meðfylgjandi bréf dags. 29. september 2004.

Megin markmið aðalskipulagsins, sjá kafla 2.3 í greinargerð, eru m.a. að vernda lífríki Þingvallavatns, viðhalda tærleika vatnsins og vernda vatnsauðlindir/vatnasvið. Með vísan til þess telur Umhverfisstofnun að mörkuð hafi verið sú stefna að skilgreina Þingvallavatn sem viðkvæmt svæði, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og því nauðsynlegt að semja aðgerðaáætlun fyrir vatnasvæðið skv. IV. kafla sömu reglugerðar.

Sorpurðun

Umhverfisstofnun telur mikilvægt, sbr. fyrri ábendingar stofnunarinnar, að taka ákvörðun um hvað gera skuli við gamla urðunarstaði, hvort nægilegt sé að kortleggja þá og rannsaka eða hvort í einhverjum tilvikum væri þörf á að grafa þá upp og fjarlægja.

Bensín og olíusala

Í umfjöllun í greinargerð um verslunar- og þjónustusvæði kemur fram að bensín- og olíusala sé óheimil á verslunar- og þjónustusvæðum, sem og á öðrum svæðum í Þingvallasveit sem eru innan vatnasviðs Þingvallavatns. Þá kemur fram í kafla 3.15 *Hverfisverndarsvæði* að geymsla mengandi efna (birgðir af olíu, bensíni, áburði og öðrum mengandi efnunum) er með öllu óheimil innan vatnasviðsins, þó verður leyfilegt að geyma takmarkaðar birgðir þessara efna vegna hefðbundins landbúnaðar á einstökum lögbýlum. Umhverfisstofnun bendir á að út frá mengunarvarnarsjónarmiðum má gera ráð fyrir því að blátt bann við allri sölu á eldsneyti, t.d. bátabensíni og olíu til kyndingar, skapi hættu á að meira magn sé af einkabirgðum innan vatnasviðs Þingvallavatns. Í þessari umræðu er engin úttekt á almennri mengunarhættu né hversu almenn olíunotkun sé á svæðinu, hversu algengt sé að kynda með olíukyndingu, hversu margir olíutankar séu grafnir á svæðinu né úttekt á geymslu eða notkun annarra hættulegra efna. Það er því umhugsunarvert hvort betra sé að skapa aðstöðu til sölu og geymslu á þessum efnunum á afmörkuðum stað ef það verði til þess að minnka einkabirgðir á svæðinu.

Skógrækt

Umhverfisstofnun telur ánæggjulegt að í stefnumörkun aðalskipulagsins eru settar fram skyrar reglur og takmarkanir varðandi skógrækt á vatnasviði Þingvallavatns. Stofnunin tekur undir þá stefnu sem sett er fram að á svæðum innan skilgreindra hverfisverndarsvæða, verði nytjaskógrækt alfarið bundin við ræktun birkis, víðis og reynis af innlendum uppruna og háð sérstökum skilyrðum vegna verndun ásýndar og landslagsheilda.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til frekari athugasemda við framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint framangreindar athugasemdir berast.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir
Eagsviðsstjóri



Héldi Jónasson
Forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Meðf.: Umsögn Umhverfisstofnunar við drög að aðalskipulagi Þingvallasveitar, dags. 29. september 2004.

Afrit: Skipulagsstofnun.